

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Stækkun Kröfluvirkjunar, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. maí 2014 tillögu að deiliskipulagi Kröfluvirkjunar í Skútustaðahreppi.

Tillagan nær til svæðis sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði 314-I í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Skipulagssvæðið er um 32,5 km² að stærð og fylgir að mestu mörkum jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar og nær yfir virkjunar- og orkuvinnslusvæðið í Kröflu. NV-horn svæðisins er norðvestan við Leirhnjúk, NA-horn norðaustan við Kröflu, SA-horn nokkru vestan við Sandfell og SV-horn á móts við Hlíðarfjall.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 19. maí 2014.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2014